



Fundargerð

Fundur í skipulags- hafna- og húsnæðisnefnd Reykhólahrepps, mánudaginn 9. maí 2022 kl. 15.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Ingimar Ingimarsson.

Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Örn Ásmundsson byggingafulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir á fundinum undir lið 2 á dagskránni voru Hildur Kristjánsdóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir ráðgjafar hjá Alta ráðgjöf.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 7. apríl 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1903004 - Breytinga á aðalskipulagi Reykhólahrepps, vindorka í Garpsdal.

Málinu frestað til fimmtudagsins 12. maí.

3. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps.

Málinu frestað til fimmtudagsins 12. maí.

4. 2111007 - Endurnýjun Reykhólahafnar, tilboð í niðurrekstur stálþils

Fyrir nefndinni liggja tilboð vegna útboðs á verkefninu Reykhólahreppur – Karlsey, endurbygging stálþils 2022.

Eftirtalin tilboð bárust

Bjóðandi	Tilboðsupphæð	Hlutfall af kostnaðaráætl.
Borgarverk ehf.	178.029.500 kr.	111,7%
Hagtak hf.	214.250.000 kr.	134,4%
Áætlaður verkkostnaður	159.451.200 kr.	100%

Einnig er lögð fram fundargerð fundar með lægstbjóðanda dags. 28. apríl 2022.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Borgarverk ehf. Samþykkt samhljóða.

5. 2205002 - Öryggishlið við dæluskúra Þörungaverksmiðjunnar.

Þörungaverksmiðjan óskar eftir því að setja upp öryggisgirðingu í kringum dæluskýli til að minnka áhættu vegna ákeyrslu eða annars tjóns á skýlum.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við erindið en beinir því til Þörungaverksmiðjunnar að útfærsla á girðingunni verði snyrtileg. Samþykkt samhljóða.

6. 2205003 – Umsagnarbeiðni vegna deiliskipulags fyrir Ólafsdal.

Lagt er fram erindi frá Dalabyggð dags 11. apríl 2022 ásamt greinargerð og uppdráttum.

Nefndin gerir engar athugasemdir við deiliskipulag fyrir Ólafsdal. Samþykkt samhljóða.

7. 2204003 - Hönnun gatna og fráveitu Hellisbraut nýji hluti.

Málinu frestað.

8. 2205004 - Míla, mastur í landi Árbæjar.

Erindi frá byggingafulltrúa dagsett 6. maí 2022, varðandi stofnun lóðar fyrir fjarskiptahús Mílu í landi Árbæjar.

Nefndin samþykkir erindið. Samþykkt samhljóða.

9. 2205005 - Byggingaráform Reykjabraut 6

Umsókn um byggingaleyfi að Reykjabraut 6

Nefndin felur sveitarstjóra að ræða við lóðarhafa.

Önnur mál (ef einhver):

1. 2205007 - Ósk um lóð undir dæluhús.

Lagt er fram erindi frá Þörungaverksmiðjunni dags 8. maí 2022.

Nefndin felur skipulags- og byggingafulltrúa að stofna lóð og grenndarkynna. Samþykkt samhljóða.

Fundar slitið kl. 16.10

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirskrift.